

**Ed.**

**1003. L Ö G**

um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Ed. 14. september).

Annar málslíður 1. greinar orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgærd, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarstaðar. Á hvalveiði, sildveiði með nótt, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða i landhelgi, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög eða pöntunarfjelög, má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgara-brjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði i söludeild fjelagsins.